

# Supermatt

## Almött viðarvörn



### Efnislýsing

Supermatt er almött heilþekjandi málning til notkunar utanhúss á timburveggi, glugga og þakkanta. Hún þekur mjög vel og er létt að bera á viðinn. Það er því auðvelt að fá fram fallega áferð. Supermatt er byggð á akrýl/alkýð tækni með sérstökum fyllingarefni sem saman gefa endingargott, slitsterkt og almatt yfirborð. Ef Supermatt er notað samhliða Tinova Wood Base Oil og Tinova Primer Exterior endist málingin í allt að 10 ár við eðlilegar aðstæður.

Ekki er ráðlagt að sprauta dekkstu litunum því ef bletta þarf seinna getur orðið áferðarmunur eins og þekkt er í svo mattri málningu.

### Meðhöndlun

Flöturinn sem mála skal þarf að vera hreinn og þurr (hámark 16% raki).

### Nýmálun

1. A-gagnvarinn viður þarf að veðrast í nokkra mánuði, síðan skal þrifa hann með Tinova Wood Cleaner og slípa loks með sandpappír, t.d. nr. 100.
2. Fúaverjið með Tinova Wood Base Oil og berið sérlega vel á endatré og aðra gljúpa fleti. Notið olíuna á allt tréverkið sem mála skal.
3. Grunnið allan flötinn með Tinova Primer Exterior eða Tinova Traditional Exterior Primer.
4. Málið yfir tvisvar sinnum með Supermatt.

### Endurmálun

1. Þvoið flötinn með Original Málartvätt. Ef mygla eða annar gróður hefur myndast á fletinum skal þvo hann með þörung- og mygluhreinsi. Skolið vel eftir á með miklu vatni. Látið flötinn þorna vel fyrir málun.
2. Alla gamla, lausa málningu skal fjarlægja. Gljáandi fleti skal slípa matta með sandpappír til að tryggja góða viðloðun. Fjarlægjið fúa eða gráma í tré uns komið er í eðlilegan viðarlit. Ef viðarkvoða hefur vessað úr viðnum skal skafa og hreinsa hana af.
3. Hreinan beran við (þar sem málning hefur flagnað af) skal fúaverja fyrst með Tinova Wood Base Oil. Grunnið síðan með Tinova Primer Exterior eða Tinova Traditional Exterior Primer.
4. Málið yfir tvisvar sinnum með Supermatt.

Þar sem einungis þarf að endurmála er nóg að þrifa vel og þússa með sandpappír þar sem við á og mála 1-2 eina af Supermatt. Þó getur þurft að grunna fyrst með Tinova Primer Exterior, en það fer eftir ástandi flatarins.

**Annað** Hrærið vel í málningarfötunni áður en málað er. Ekki mála ef sól skín beint á flötinn eða ef hætta er á rigningu næstu klukkutímanna eftir málun. Supermatt þarf lengri þurrktíma en hefðbundin akrýlfeni á við og skal því varast vafasamar rakaaðstæður eða að mála seint að deginum til.

### Heilsufars- og umhverfismál

Ekki láta málningardósina standa opna meðan á verki stendur. Þrifið verkfæri strax eftir notkun. Ekki hella málningarleifum og hreinsiefnum í niðurföll. Tónum umbúðum og hreinsiefnaleifum skal skila til endurvinnslustöðva. Sjá frekari upplýsingar á öryggisblaði.



### Tæknilegar upplýsingar

**Til notkunar:** Utanhúss

**Tegund:** Akrýl/alkýð

**Gljástig:** 5%

**Snertipurr:** Við 23°C/50% raka, 2 klst.

**Yfirmálun:** 4 klst.

**Hiti við málun:** Minnst +5°C, mest +25°C

**Rakastig:** 40-80%, kjörakastig 65%

**Þynning:** Vatn

**Verkfæri:** Penslar, rúllur, málningarsprautur

**Þekja nýmálun:** 4-6 m<sup>2</sup>/l

**Þekja endurmálun:** 6-8 m<sup>2</sup>/l

**Pakkningar:** 2,5 og 10 lítra dósir

**Stofnar:** BW og BC

**Hreinsun:** Sápuvatn

**Geymsla:** Í frostfríu rými

**Rokgjörn lífræn efni (VOC (fl. A/e) 130 g/l):**

Inniheldur mest 2 g/l.

Þessi lýsing á við hvítan lit. Gildin geta verið önnur fyrir aðra liti.

### Umhverfi

One Super Tech er merkt FSC, sem vottar um samstarf og aðild að stjórnun skóga með sjálfbærum hætti.



**SÉREFNI**

Dalvegi 32b, Kópavogi | sími 517 0404 | serefni.is